„Að láta gamminn geysa"

(Frá sýningu Halldórs Pétursssonar)



Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON

Það ríkir líf og fjör á Kjarvalsstöðum þessa dagana með ólíkum sýningum í báðum aðalsölum, **Halldór Pétursson** í þeim vestari með einstaklega fjölbreytta sýningu og minningarsýningu **Gunnars Hannessonar** á ævintýralegum ljósmyndum hans í eystrisalnum. Sýningar þessar hafa vakið óskipta athygli, og útlit er fyrir metaðsókn að þeim báðum. Á fyrstu dögum sýninganna hafa þær *vafalítið hlotið jafnmikla* aðsókn, hvor um sig, sem Haustsýningin allan sýningartímann og fljótt á litið eru þetta staðreyndir sem hljóta að verða hugvekja fyrir óbreytta félagsmenn sem framámenn FÍM.

Þessar sýningar eru þess eðlis að nauðsynlegt er að ræða um þær hvora fyrir sig, og byrja ég á sýningu Halldórs, en henni lýkur nk. sunnudag, en sýning verka Gunnars stendur a.m.k. tveim dögum lengur.

Halldór Pétursson telst, ásamt þeim Ásgeiri heitnum Júlíussyni (Ásgeir Júl.) og Atla Má Árnasyni, brautryðjandi í auglýsingahönnun hérlendis — allir voru þeir skólaðir í Listiðnaðarskólanum í Kaupmannahöfn, en Halldór jók við menntun sína í Bandaríkjunum (Minneapolis) á árunum 1942—45. Allir þessir þrír ágætu hæfileikamenn voru gjörólíkir að upplagi, og einnig fyrir flest í skoðunum á faginu þótt þeir hafi á köflum haft samstarf og verið vinir góðir. Sameiginlegt þeim öllum var *þó óskin um betri, vandaðari og* meiri gæði íslenzkrar auglýsingahönnunar og bókagerðar.

Ásgeir og Atli voru um langt skeið afkastamestir við kápugerð og útlitshönnun bóka, en teikningin varð Halldóri hugstæðust, og segja má að hann hafi stöðugt verið með teikniáhöldin á lofti frá því að hann kom fyrst fram, auk þess sem drjúgur hlutur liggur eftir hann á öðrum sviðum auglýsingafagsins.

Það var ekki tekið út með sitjandi sældinni að vinna í fagi auglýsingateiknara á þeim árum — hjálpartæki og áhöld í lágmarki — og fæst af því, sem þeir þremenningarnir urðu að leggja á sig, þekkja ungir sporgöngumenn þeirra hið minnsta til. Halldór segir: „að þegar hann var að byrja í þessu var maður allt í senn — auglýsingateiknari, bókaskreytingamaður, teiknari, *og fékkst við allt frá* því að teikna mónógröm í koddaver upp í að mála altaristöflur"... — Þeir spönnuðu sem sagt allt svið dráttlistarinnar *og reyndu fyrir sér á sviði* frjálsrar myndlistar að auki.

Þegar þessi sýning er skoðuð er skylt að taka tillit til þessa, — hinna sífelldu hlaupa frá einu til annars án nokkurrar afmarkaðrar meginstefnu. Þessir frömuðir okkar voru ekki heldur skólaðir í viðurkenndum undirstöðuatriðum frjálsrar myndlistar, — öll skólunin miðaðist við auglýsingateiknun og bókaskreytingar. En öllum var þeim sammerkt að hafa ríkan áhuga á myndlist, og þeir hafa verið það opnir og frjálslyndir í skoðunum, að þeir hafa aldrei ybbazt við nýlistarviðleitni í frjálsri myndlist. Sumir þeirra viðuðu meira að segja að sér ágætu safni nútímalistar eftir fremstu listamenn þjóðarinnar og áttu gott samsafn listaverkabóka t.d. Ásgeir Júlíusson.

Meðal hinna stærri þjóða hafa einstaklingar valið sér afmarkað svið innan auglýsingahönnunar, og sviðið er miklu viðfeðmara en menn í fljótu bragði átta sig á — einn er bókateiknari, annar fæst eingöngu við stafagerð, hinn þriðji er útlitshönnuður bóka o.s.frv. — að auki er samvinna myndlistarmanna og hugmyndasmiða á *þeim vettvangi* mun meiri. Allt virðist aðgreint erlendis, sem hér er hrært saman og fært undir einn hatt. — Framleiðendur á sölumörkuðum eru ekki undir það búnir að fjármagna slíka samvinnu, né búa yfir skilningi á þörfum hennar, auk þess sem auglýsingateiknarar voru löngum ofurseldir mati og smekk framleiðenda, er iðulega völdu hinar lakari tillögur, og það hefur tekið iðkendur þessa sviðs áratugi að bæta og þróa listskyn og skilning slíkra. Íburðarmikið handbragð þótti lengi vel og þykir iðulega enn meiri list en *einfaldar, nákvæmt og áhrifa*ríkt dregnar myndir. Enda er mála sannast, að fæstir beztu myndlistarmanna okkar gátu haft lífsviðurværi af list sinni einni saman, t.d. Kjarval ekki fyrr en eftir fimmtugt — og Jón Stefánsson og Júlíana Sveinsdóttir aldrei. — Og það hefði verið með öllu vonlaust fyrir Erró að bjóða Íslendingum obbann af því, sem gert hefur hann víðfrægan. Meinlætamaður, líkt og Ásgrímur, dró naumast fram lífið á fyrri árum. Gunnlaugur Scheving varð að fórna samvistum við eiginkonu sína — slíkt veraldargengi var þeim forboðið sem þjónuðu myndlistinni sem slíkri, og er svo enn í mörgum tilvikum.



Líta verður yfir sviðið og skynja þennan bakgrunn og þrönga kost á öllum sviðum lista, er við skoðum sýningu þess fjölhæfa teiknara, Halldórs Péturssonar. Hann átti létt með að teikna, var og er ágætur „karikatúristi", sem glöggt kemur fram í hans beztu myndum, og fjölmargt af því, sem hann hefur lagt að sína hönd í fagi sínu og á listasviði, virðist samofið til slunginna innbyrðis áhrifa án markaðra skila. Alkunna er að ýmislegt innan allra greina lista er ekki talið að fari saman til farsælla áhrifa hvort á annað. „Karikatúrteiknarar" eru t.d. ekki að jafnaði rismiklir málarar né hlutgengir á flestum sviðum frjálsra lista. Við þekkjum þó t.d. Honoré Daumier, en svið hans var þrengra og afmarkaðra en svið Halldórs og þjálfunin því af öðrum toga. Málverk hans hafa og ei heldur hlotið þá viðurkenningu sem margur telur þau verðskulda. Storm Pedersen átti það einnig til að skila góðu málverki, en hann vann líka á miklu þrengra sviði en Halldór Pétursson og þessir menn báðir voru ekki ofurseldir því hlutskipti að þjóna dyntum samtíðar sinnar á einangruðu útskeri, og þarmeð að staðfesta svipmót hennar, svo sem verk þeirra endurspegla á táknrænan, sannsögulegan hátt. Þetta gerist einnig með þeim hluta æviverks listhagans Halldórs Pétursonar er vís t.d. að leikhúslífi okkar, *og gegnum* beztu myndir hans af sérkennilegum persónum líkt og Ólafi Maggadon, og fjölda annarra úrskerandi sterkra manna að svipmiklum persónum og sérstæðum. Hér kemur það fram, að listamenn eru sannarlega börn samtíðar sinnar og víst má telja, að ef Halldór hefði starfað meðal stærri þjóðar er eins víst, að hans beztu hæfileikar hefðu lyft honum til mikils frama. Einungis blaðateiknun þykur t.d. veglegt og vandasamt starf meðal stærri þjóða, og þeir sem framúr skara njóta mikils álits auk þess sem miklar fjárhæðir eru þeim greiddar fyrir einkarétt á birtingu mynda þeirra. Slíkt þekkist ekki í þjóðfélagi okkar og þessi þáttur er er því stórlega vanmetinn hér. Þannig hafa aðstæður kreppt að Halldóri og raunar mörgum fleiri, sem hlotið *hafa fjölþætta náðargáfu* teiknarans í vöggugjöf. Mörg einföld blýantsriss, er við sjáum á sýningu Halldórs, hrífa mig öllu meir en hinar mörgu nostursamlega unnu teikningar, er margur dáir svo mjög og gert hafa Halldór mjög vinsælan myndsmið. En þetta er einungis einn þáttur listar hans, og hér hefði hann haft öll skilyrði til enn meiri þroska og frama með nægum verkefnum. Myndir hans af Nixon, Willy Brandt og Kissinger sýna ljóslega skopteiknara í fremstu röð, en sem hefði náð enn lengra með sérhæfni á því sviði. Hér er sem sagt fengizt við svo margt af mikilli fjölhæfni, en án varanlegrar haldfestu á stöðugum verkefnum, svo maður hlýtur að virða árangurinn.

Frumriss Halldórs af altaristöflum, hestmyndum og málverkum m.m. þar sem hann vinnur hrátt og umbúðalaust, eiga betur við mitt skap en hinar fullunnu myndir hans þar sem tæknin og íburðurinn eru *komin inn í myndina sem loka*mark. Þannig er þessu farið gegnum alla sýninguna, að hið einfalda og umbúðalausa höfðar meir til mín en lokavinnubrögðin. *Það hefði til mikils* horft ef Halldór hefði fengið að þjóna því innsta eðli sínu að vera einatt með blýantinn á lofti því að sá hlutur er hans mikli atgeir til afreka, ef ég af einlægni mætti vísa til vegar — og þann atgeir skyldi hann síður leggja til hliðar til hags fyrir málverkið einvörðungu.

Myndaröðin „Helgi skoðar heiminn" ber að mínu mati af á sýningunni að því er heillegt svipmót snertir, og hér kemur það fram hvert Halldór hefði getað náð með svipuðum samfelldum vinnubrögðum. Það þykir mér galli að frummyndir hans úr bókinni „Höfadynur" skuli ekki hafa verið settar upp á sýningunni ásamt dæmum um vinnubrögð við frágang bókarinnar, því að hér fer allt sama, fágaðar myndir, prentun og vönduð uppsetning. Ég álít að fleiri slík verkefni myndu auka á hróður Halldórs sem listamanns, því að bókaskreyting er háþróuð listgrein sem margir jöfrar heimslistarinnar hafa spreytt sig á. Málverkið er ekki aðalatriðið né lokastig á stigi myndlista.

— Með þessari sýningu vinnur Halldór Pétursson vissulega mikinn sigur með því að staðfesta *fjölhæfar gáfur sínar* og fyrir að geta jafnan fest eftirtektarverðar myndir, hvar sem hann ber niður. Væri vel að

Framhald á bls. 25